

Fundargerð 40. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar
08. október, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvæmdastjóra sem jafnframt
ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar
Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Ársskýrsla Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar 2008
Lögð fram.
3. 6 mánaða uppgjör
Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar 6 mánaðar uppgjör félagsins.
4. Fjárveitingar næsta árs
Framkvæmdastjóri fór yfir fjárveitingar næsta árs og ljóst er að gríðarlegur
niðurskurður er fyrirætlaður fyrir starfsemi Þróunarfélagsins á næsta starfsári,
eða alls um 1 milljarður króna.


Í framhaldi setur stjórn fram eftirfarandi bókun:

„Stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar harmar að svo mikill niðurskurður sé gerður á starfsemi félagsins þar sem starfsemin hefur frá upphafi verið sjálfbær. Þá hefur verkefnið að auki skilað inn til ríkissjóðs nettóhagnaði upp á um 1,5 milljarða á síðastliðnum 2 árum miðað við þegar innkomnar kaupsamningsgreiðslur. Tækifæri eru til að skila áframhaldandi hagnaði í ríkissjóð ef fjárveitingar verði ekki skornar of mikið niður. Það stóra þróunarverkefni sem félagið stendur að á Ásbrú í Reykjanesbæ hefur jafnframt verið gríðarlega atvinnuskapandi á svæði þar sem atvinnuleysi er hvað mest og hefur skapað alls um 450 störf á tæpum 3 árum og horfir til þess að skapa allt að 1200 störf í heildina sé litið til næstu þriggja ára. Mikið er lagt upp úr nýsköpun, þróun og rannsóknum á Ásbrú. Þá aðallega á sviði grænnar orku og heilsu og er útlit fyrir að sú nálgun muni skila miklu til framtíðar litið og leggja grunninn að mörgum atvinnutækifærum. Því er nauðsynlegt að halda áfram því mikla uppbyggingarstarfi sem Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur staðið fyrir frá brotthvarfi Varnarliðsins. Sérstaklega skal horfa til þess að verkefnið er fjárhagslega sjálfbært, skilar umframtekjum í ríkissjóð, erlendri fjárfestingu inn í landið og miklum fjölda nýrra starfa. Slík atriði eiga einmitt við nú sem aldrei fyrr.

PS.
↑
E

5. Sjúkrahús - staða
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu á sjúkrahúsverkefni. Framundan eru útboð og samningar sem framkvæmdastjóra var falið að vinna að. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á breytingu sjúkrahússins fari í fullan gang í kringum áramót.
6. Útboð vegna förgunar á menguðum jarðvegi
Lögð voru fyrir stjórn niðurstöður úr útboði á flutningi og förgun mengaðs jarðvegs úr Smiðjutröð. Þrír aðilar buðu í verkið.
Stjórn samþykkti að taka lægsta tilboði sem var frá Hringrás.
Stjórn samþykkti jafnframt að fara í útboð er snýr að frágangi gamalla sorphauga í nágrenni svokallaðs verktakasvæðis. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
7. Veðheimild til Háskólavalla
Stjórn samþykkt beiðni um veðheimild frá Háskólavöllum og fól framkvæmdastjóra að ganga frá málum.
8. Grænir iðngarðar og Ásbrú Norður – staða og stefna.
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefnis er varðar þróun og uppbyggingu Ásbrúar – Norður. Jafnframt var kynnt fyrir stjórn fyrirhuguð ferð til Evrópu til að skoða uppbyggingu frumkvöðlasetra, iðntæknigarða, sjúkrahúss og fleiri þátta er tengjast stefnu og hugmyndafræði Ásbrúar.
Lögð hafa verið fyrir aðila drög að samstarfssamningi um þróun Ásbrúar - Norður.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
9. Önnur mál.
Aðalfundur Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. fyrir árið 2008 var haldin þann 31. ágúst 2009 í forsætisráðuneytinu. Þar sem hluthafi í Þróunarfélaginu er einn var ákvörðun tekin um að fresta aðalfundi um 1-2 mánuði til framhaldsaðalfundar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.



Þórunn Sigurjónsdóttir
Svein Þórunn
Jónína Ólaf